

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Sjávarútbegsráðuneytið, 29. maí 1978.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Höfðahreppi,
Skagaströnd nr. 12 11. janúar 1974.

1. gr.

Í stað kr. 5 000 í tengigjald komi kr. 10 000 í 2. grein.

2. gr.

Í stað lágmarksgjalds kr. 500 í 6. gr. komi kr. 5 000.

3. gr.

Framantalin gjöld samkv. 2. og 6. gr. eru miðuð við byggingarvísitöluna 159 stig 1. nóvember 1977 og breytast einu sinni á ári til samræmis við byggingarvísitöluna eins og hún er 1. nóvember ár hvert. Þó má hækkun ekki nema meiru en 50% án samþykkis ráðuneytisins.

Reglugerðarbreyting þessi sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Höfðahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. maí 1978.

F. h. r.
Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUR

um Íslensku UNESCO-nefndina.

I. Starfsreglur.

1. gr.

Íslenska UNESCO-nefndin er stofnuð í samræmi við VII. kafla stofnskrár Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization — UNESCO).

Nefndin heyrir undir menntamálaráðuneytið.